

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

94/EES/20/01

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 48/94/COL frá 8. júní 1994 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi maga- og garnakvefs í svínum sem senda á til EFTA-ríkja eða -héraða sem eru laus við veikina01

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/20/02

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.479 - MAN/Ingersoll-Rand)05

94/EES/20/03

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.478 - Voith/Sulzer (II))06

94/EES/20/04

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum07

94/EES/20/05	Skrá yfir ölkelduvatn sem Frakkland, Spánn og Breska konungsríkið viðurkenna	07
94/EES/20/06	Reglur um upplýsingaskipti - tæknilegar reglugerðir.....	08
94/EES/20/07	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 20.6. til 24.6. 1994	09

3. **Dómstóllinn**

STJÓRNARTÍÐINDI
EFTA-RÍKJANA

EIFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

94/EES/20/01

nr. 48/94/COL

frá 8. júní 1994

um viðbótarábyrgðir vegna smitandi maga- og garnaekvefs í svínunum sem senda á til EFTA-ríkja eða -héraða sem eru laus við veikina

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EEB, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Finnland telur, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 28. desember 1993, að yfirráðasvæði sitt sé laust við smitandi maga- og garnaekvef (SMG) og hefur afhent eftirlitsstofnun EFTA skjöl því til stuðnings eins og kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Skilgreina ber tiltekna viðbótarábyrgðir til að vernda stöðu Finnlands að því er sjúkdóma varða.

Yfirvöld í Finnlandi beita innanlands reglum um flutning svína til ræktunar og framleiðslu sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Ekki má krefjast viðbótarábyrgðanna sem kveðið er á um í þessari ákvörðun af EFTA- og EB-aðildarríkjum eða héruðum þeirra ef þau teljast laus við SMG.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýraheilbrigði sem er

eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMPYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Svín sem eru ætluð til ræktunar og koma frá öðrum EFTA-ríkjum eða EB-aðildarríkjum eða héruðum þeirra og senda á til EFTA-ríkja eða héraða þeirra þar sem bólusetning gegn SMG er ekki leyfð og talin eru upp í I. viðauka verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1.1 annaðhvort

1.1.1 verður SMG að vera tilkynningarskylt í EFTA-ríkinu og EB-aðildarríkinu sem þau eru upprunnin í;

1.1.2 mega engin klínísk, meinafræðileg eða blóðmeinafræðileg einkenni SMG hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;

1.1.3 má ekki hafa verið bólusettt gegn SMG í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;

1.1.4 verða svínin að hafa verið í einangrun í húsakynnum sem lögbæra yfirvaldið hefur viðurkennt þannig að þau hafa hvorki komist beint eða óbeint í snertingu við önnur svín í að minnsta kosti 30 daga fyrir flutning;

1.1.5 mega svínin ekki hafa verið bólusettt;

1.1.6 skal hafa verið gert sermiþróf á svínunum í þeim tilgangi að leita að mótefni gegn SMG-veirunni á sermi sem tekið er úr þeim að minnsta kosti 21 degi eftir að þau voru sett í einangrun og skulu niðurstöður prófsins vera neikvæðar. Niðurstöður prófsins á öllum dýrum í einangrun skulu einnig vera neikvæðar samkvæmt þessu prófi;

- 1.1.7 skulu svínin hafa verið í upprunahjörðinni frá goti eða í hjörðinni sem á að senda í þrjá mánuði og frá goti í öðrum hjörðum með sambærilega viðurkenningu;
- 1.1.8 mega svínin ekki hafa komist í snertingu við svín sem uppfylla ekki skilyrðin í liðum 1.1.1 til 1.1.7 meðan á flutningi stendur frá upprunastaðnum til viðtökubýlisins.
- 1.2 eða
- 1.2.1 uppfylla skilyrðin sem sett eru í liðum 1.1.2 til 1.1.8;
- 1.2.2 skal, ef svínin sem eru prófuð í samræmi við lið 1.1.6 eru færri en 25, upprunahjörðin hafa verið prófuð í samræmi við II. viðauka innan 30 daga fyrir flutning og skal niðurstaða prófsins vera neikvæð.
2. Svín sem eru ætluð til framleiðslu og koma frá öðrum EFTA-ríkjum eða EB-aðildarríkjum eða héruðum þeirra og senda á til EFTA-ríkja eða héraða þeirra þar sem bólusetning gegn SMG er ekki leyfð og talin eru upp í I. viðauka verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:
- 2.1 annaðhvort
- 2.1.1 verður SMG að vera tilkynningarskylt í EFTA-ríkinu og EB-aðildarríkinu sem þau eru upprunnin í;
- 2.1.2 mega engin klínísk, meinafræðileg eða blóðmeinafræðileg einkenni SMG hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;
- 2.1.3 mega svínin ekki hafa verið bóluset;
- 2.1.4 eru engin próf nauðsynleg fyrir flutning ef upprunahjörðin er hluti af opinberri eftirlitsáætlun þar sem að minnsta kosti 15% dýranna sem ætluð eru til ræktunar (eða 25 dýr ef sú tala er hærrí) eru prófuð árlega. Þess háttar prófi skal skipta í að minnsta kosti þrjá álíka stóra hluta með að minnsta kosti tvo mánuði á milli hlutanna; aðeins má flytja til slíkra hjarða frá hjörðum með sambærilega eða betri viðurkenningu og engin klínísk tilfelli SMG skulu hafa greinst innan tveggja kílómetra frá upprunahjörðinni næstliðna 60 daga;
- 2.1.5 skal, ef upprunahjörðin er ekki hluti af eftirlitsáætlun sem um getur í lið 2.1.4, hafa verið gert sermipróf á svínunum sem flytja á í þeim tilgangi að leita að mótéfni gegn SMG-veirunni
- í samræmi við II. viðauka. Svínin sem flytja á skulu hafa verið einangruð frá upprunahjörðinni fyrir prófið. Dýrin skulu hafa verið prófuð innan tíu daga fyrir flutning og skal niðurstaða prófsins vera neikvæð;
- 2.1.6 skulu svínin hafa verið í upprunahjörðinni frá goti eða í upprunahjörðinni í þrjá mánuði og frá goti í öðrum hjörðum með sambærilega viðurkenningu;
- 2.1.7 mega svínin ekki hafa komist í snertingu við svín sem uppfylla ekki skilyrðin í liðum 2.1.1 til 2.1.6 meðan á flutningi stendur frá upprunastaðnum til viðtökubýlisins.
- 2.2 eða
- 2.2.1 uppfylla skilyrðin sem sett eru í liðum 2.1.2 til 2.1.4 og 2.1.6 til 2.1.7;
- 2.2.2 má ekki hafa verið bóluset gegn SMG í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;
- 2.2.3 skal síðasta prófið sem gera á í samræmi við lið 2.2.4 hafa verið gert síðustu 60 dagana fyrir flutning;
- 2.2.4 skal, ef upprunahjörðin er ekki hluti af eftirlitsáætlun sem um getur í lið 2.1.4, hafa verið gert sermipróf á upprunahjörðinni og svínunum sem flytja á í þeim tilgangi að leita að mótéfni gegn SMG-veirunni í samræmi við III. viðauka. Svínin sem flytja á skulu hafa verið einangruð frá upprunahjörðinni fyrir prófið. Dýrin skulu hafa verið prófuð innan tíu daga fyrir flutning og skal niðurstaða prófsins vera neikvæð.
3. Dýrin sem um getur í 2. lið skulu flutt beint til viðtökubýlisins og vera þar fram að slátrun nema lögbæra yfirvaldið í EFTA-viðtökuríkinu heimili annað. Lögbæra yfirvaldið í EFTA-viðtökuríkinu getur krafist þess að svínin séu færð beint til slátrunar.
4. Svín sem ætluð eru til slátrunar og koma frá öðrum EFTA-ríkjum eða EB-aðildarríkjum eða héruðum þeirra og senda á til EFTA-ríkja eða héraða þeirra og talin eru upp í I. viðauka verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:
- 4.1 svínin skulu flutt beint til viðtökuslátruhússins;
- 4.2 svínin mega ekki hafa verið bóluset;
- 4.3 engin klínísk, meinafræðileg eða blóðmeinafræðileg einkenni SMG mega hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna þrjá mánuði;

- 4.4 svínin skulu hafa verið í upprunahjörðinni næstliðna 60 daga eða frá goti;
- 4.5 svínin mega ekki hafa komist í snertingu við svín sem uppfylla ekki skilyrðin í liðum 4.1 til 4.4 meðan á flutningi stendur frá upprunastaðnum til viðtökubýlisins.
5. Við heilbrigðisvottorðið, sem um getur í fyrirmynd III í viðauka F við gerðina um nautgrip og svín, skal fyrir svín sem senda á til EFTA-ríkis eða héraðs þess, sem talið er upp í I. viðauka, og koma frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki eða héruðum þeirra, bæta eftirfarandi:

„svín í samræmi við ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 48/94/COL frá 8. júní 1994 að því er varðar smitandi maga- og garnakvef.“
6. Skilyrðin sem um getur í 1. til 5. lið gilda ekki um aðflutning svína til EFTA-ríkis eða héraðs þess sem talin eru upp í I. viðauka, frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki eða héraði þess, sem samkvæmt 10. gr. gerðarinnar um nautgrip og svín hafa fengið sambærilegar viðbótarábyrgðir við þær sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.
7. EFTA-ríki sem talið er upp í I. viðauka skal leggja fram ársskýrslu um eftirlit og rannsóknarniðurstöður varðandi SMG. Þessa skýrslu skal leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 1. apríl næstkomandi ár.
8. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
9. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
10. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 8. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säili
stjórnarmaður

I. VIÐAUKI

Héruð sem eru laus við smitandi maga- og garnakvef og leyfa ekki bólusetningu

Finland: öll héruð

II. VIÐAUKI

Fjöldi dýra sem á að prófa

Pýði	Fjöldi í úrtaki
færri en 25	öll
25-100	25
101 eða fleiri	30

Prófið skal taka til dýra á öllum aldri og úr öllum hlutum búsin.

III. VIÐAUKI

Fjöldi dýra sem á að prófa

Fjöldi dýra sem á að flytja	Fjöldi dýra í upprunahjörðinni sem á að prófa úr þeim hópi sem ekki á að flytja	Fjöldi dýra sem á að prófa úr þeim hópi sem á að flytja
Sjá II. viðauka	Öll	1-24
Val I (*) 25 eða fleiri	Sjá II. viðauka	15%, eða að minnsta kosti 25 dýr
Val II (*) 25 eða fleiri	Ekkert	Öll

Prófið skal taka til dýra á öllum aldri og úr öllum hlutum búsin.

(*) Ef flytja á fleiri en 24 svín má velja milli I og II.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

94/EES/20/02

(Mál nr. IV/M.479 - MAN/Ingersoll-Rand)

1. Framkvæmdastjórninni barst 24.6.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samskvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem Ingersoll-Rand Company (Bandaríkjum Norður-Ameríku) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir óefnislegum eignum Ecoair Compressor Business frá MAN GHH (Pýskalandi), sem er dótturfélag að fullu í eigu MAN AG, og þar sem Ingersoll Rand og MAN GHH mynda fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í þeim tilgangi að framleiða og selja íhluta í þjöppur.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Ingersoll-Rand: tæki og byggingarbúnaður sem er ekki knúinn með rafmagn, vinnslu- og framleiðslukerfi.
 - MAN GHH: iðjuver, tæki og búnaður fyrir stáliðnað, efnaiðnað, námuvinnslu og annan iðnað.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtfð. EB (Stjtfð. EB nr. C 183, 5.7.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.479 - MAN/Ingersoll-Rand, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtfð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtfð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/20/03****(Mál nr. IV/M.478 - Voith/Sulzer (II))**

1. Þann 13.6.1994 afturkölluðu J.M. Voith GmbH og Sulzer AG upprunalegu tilkynningu sína frá 26.5.1994⁽¹⁾ til framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) 4064/89⁽²⁾, varðandi fyrirhugaða myndun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, Voith-Sulzer Papiertechnik GmbH.

Í kjölfar þessarar afturköflunar tilkynntu J.M. Voith GmbH og Sulzer AG að nýju, þann 27.6.1994, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89, um breytt viðskipti þar sem bæði móðurfyrirtækin verða að samþykka allar mikilvægar ákvarðanir varðandi starfsemi fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið (Voith-Sulzer Papiertechnik GmbH). Með þessu móti öðlast þau sameiginleg yfirráð yfir Voith-Sulzer Papiertechnik GmbH í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins.

2. Hvað varðar viðskiptastarfsemi J.M. Voith GmbH og Sulzer AG, sjá birtingu upprunalegrar tilkynningar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins⁽²⁾.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB (Stjtíð. EB nr. C 183, 5.7.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.478 - Voith/Sulzer (II), og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Sjá Stjtíð. EB nr. C 151, 2.6.1994, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 94/EES/20/04 Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað hollenska áætlun um lánsábyrgðir til að hreinsa menguð iðnaðarsvæði sem eru enn í notkun, ríkisaðstoð nr. N 750/93 - Holland (sjá nánari útlitun í Stjttð. EB nr. C 178, 30.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað ráðstafanir í Hollandi til að hvetja til orkusparnaðar og notkunar endurnýjanlegra orkuauðlinda, ríkisaðstoð nr. N 30/94 - Holland (sjá nánari útlitun í Stjttð. EB nr. C 178, 30.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjaáætlun vegna fjárfestingar í skipulagi orkumála í Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 96/94 - Spánn (sjá nánari útlitun í Stjttð. EB nr. C 178, 30.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til handa litlum og meðalstórum fyrirtækjum í margvíslegum tilgangi, þar á meðal mengunareftirlit og orkusparnaður, ríkisaðstoð nr. N 131/94 - Þýskaland (sjá nánari útlitun í Stjttð. EB nr. C 178, 30.6.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Þýskaland lagði til til að fjármagna vöruflutninga á milli Tettau og næstu lestarstöðvar í Steinbach am Wald, ríkisaðstoð nr. N 719/93 - Þýskaland (sjá nánari útlitun í Stjttð. EB nr. C 178, 30.6.1994).

Skrá yfir ölkelduvatn sem Frakkland, Spánn og Breska konungsríkið viðurkenna 94/EES/20/05

Í samræmi við 1. gr. tilskipunar ráðsins 80/777/EEB⁽¹⁾ frá 15. júlí 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns hafa Frakkland, Spánn og Breska konungsríkið sent framkvæmdastjórninni skrá yfir ölkelduvatn sem viðurkennt er sem slíkt, til birtingar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjttð. EB nr. C 176, 29.6.1994).

⁽¹⁾ Stjttð. EB nr. L 229, 30.8.1980, bls. 1.

Reglur um upplýsingaskipti - tæknilegar reglugerðir

94/EES/20/06

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtíð. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 81, 26.3.1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
94-0076-I	Heimild til að nota hvataræktun þ.e. „hvataörverur“ við tilreiðslu kjötvara í keppum þar sem framleiðslutæknin felur ekki í sér hitameðhöndlun	12.8.1994
94-0107-F	Tilskipun þar sem settar eru fram öryggiskröfur sem reiðhjól verða að uppfylla	8.8.1994
94-0108-F	Drög að fyrirmælum um að breyta fyrirmælunum frá 26. október 1981 varðandi skilyrðin fyrir notkun hylkja fyrir fljótandi jarðolíugas	8.8.1994
94-0109-F	Drög að fyrirmælum um að breyta fyrirmælunum frá 23. júlí 1943 varðandi reglugerðina um búnað fyrir framleiðslu, geymslu eða notkun samanhjappaðra, fljótandi eða uppleystra lofttegunda	8.8.1994
94-0110-F	Drög að fyrirmælum um að breyta fyrirmælunum frá 24. mars 1978 þar sem reglur eru settar um notkun málmseytinga við smíði og viðgerðir á þrýstibúnaði	8.8.1994
94-0111-I	Reglugerð um viðurkenningu á skilvirkni öryggiskerfa sem kveðið er á um í staðlinum 74-3 frá ítölsku nefndinni um rafmagnsverkfræði (samræmist evrópska staðlanúmerinu EN 41003)	15.9.1994
94-0112-I	Reglugerð um formsatriði vegna útreikninga á gæðastöðlum fyrir endurskinsfilmur	14.9.1994
94-0113-I	Reglugerð varðandi eftirlit með uppskeru og markaðssetningu nýrra og niðurlagðra sveppa sem vaxa á jörðu	16.8.1994
94-0114-D	Sýnishorn af fyrirmælum um samræmismarkið (þýsk skamnstöfun: UEZVO) útgáfa frá apríl 1994	17.8.1994

⁽³⁾ ⁽⁴⁾

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. maí 1994.

⁽¹⁾ Ár - skráningarnúmer - aðildarupprunaríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi 94/EES/20/07
ráðinu á tímabilinu 20.6. til 24.6. 1994**

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíð ufjöldi
COM(94) 183	CB-CO-94-195-EN-C ⁽¹⁾	Orðsending frá framkvæmdastjórninni um miðannar-endurskoðunina á framkvæmd bandalags-áætlunarinnar „Stofnun innri markaðar fyrir upplýsingamiðlun (1991-1995)”. IMPACT 2	21.6.1994	21.6.1994	17
COM(94) 265	CB-CO-94-283-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins. Nýtt átak til endurskipulagningar stáliðnaðarinnar í bandalaginu	21.6.1994	21.6.1994	9
COM(94) 234	CB-CO-94-268-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins varðandi aðgerðaráætlun Evrópusambandsins um baráttu gegn fíkniefnum (1995-1999)	23.6.1994	23.6.1994	68
COM(94) 6	CB-CO-94-008-EN-C	Bókun um jöfn laun fyrir jafngild störf	23.6.1994	24.6.1994	47
COM(94) 258	CB-CO-94-274-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar. Rannsókn á fiskeldi í Evrópu. Staða mála og framtíðarhorfur	23.6.1994	24.6.1994	29
COM(94) 260	CB-CO-94-277-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni um nýja stefnu hvað varðar ábyrgð þeirra sem veita þjónustu	23.6.1994	24.6.1994	8
COM(94) 269	CB-CO-94-287-EN-C	Kola- og stálbandalag Evrópu (KSE) - Aðlögun á lánastefnu með gildislok sáttmálans í huga (23. júlí 2002)	22.6.1994	24.6.1994	4

(¹) „EN” vísar til enska COM-skjalsins